



Alþingi
Erindi nr. P 133/1448
komudagur 5.3.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2007
Tilvísun: 200702-0067

EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, 570. mál, eignarhlutur ríkisins til Landsvirkjunar.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, 570. mál, eignarhlutur ríkisins til Landsvirkjunar.

Frumvarpið sem hér er fjallað um felur í sér að gera Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins að dótturfélögum Landsvirkjunar. Í frumvarpinu sjálfu kemur ekki skýrt fram hver séu markmiðin með því, en í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að með breytingunum verði hagræðing í rekstri félaganna og eins muni breytingarnar styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar.


Þrátt fyrir ákvæði í frumvarpinu sem eiga að tryggja áfram virka samkeppni á raforkumarkaði eftir breytingarnar telur Alþýðusambandið að þau ákvæði séu ekki nægjanleg. Eftir breytinguna mun samkeppnisstaða Landsvirkjunar verða sterkari en áður, sem felst m.a. í styrkari eiginfjárstöðu Landsvirkjunar. Frumvarpið mun því stríða gegn markmiðum raforkulaga sem sett voru í mars 2003, en meginmarkmið þeirra er að

„...stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal:...

Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.“

Alþýðusambandið getur því ekki stutt frumvarpið.

F.h. Alþýðusambands Íslands,


Ingunn S. Þorsteinsdóttir
Hagfræðingur hjá ASÍ

Kennitölur úr rekstri orkufyrirtækja 2005 (M.kr)

Orkuveita Reykjavíkur

Velta	14.728,
Hagnaður	4.359,
Eignir	88.038,
Eigið fé	48.297,

Norðurorka

Velta	1.684,
Hagnaður	302,
Eignir	4.552,
Eigið fé	1.624,

Hitaveita Suðurnesja

Velta	4.682,
Hagnaður	1.576,
Eignir	24.633,
Eigið fé	13.771,

Landsvirkjun

Velta	15.552,
Hagnaður	6.293,
Eignir	181.985,
Eigið fé	58.002,

Orkubú Vestfjarða

Velta	1.275,
Hagnaður	70,
Eignir	4.638,
Eigið fé	4.152,

Rarik

Velta	7.511,
Hagnaður	1.590,
Eignir	19.115,
Eigið fé	13.174,



Góðir straumar í 40 ár

Alþingi
Erindi nr. P 133/1449
komudagur 5.3.2007

Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11
Dags.: 05.03.2007

150 REYKJAVÍK


Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og á lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, með síðari breytingum**

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og á lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, með síðari breytingum, 570. mál. þskj. 846.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra leggi allan eignarhlut ríkisins, annars vegar í Orkubúi Vestfjarða og hins vegar í Rafmagnsveitum ríkisins inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag ríkisins. Ef frumvarpið verður að lögum verða því Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins að fullu dótturfélag Landsvirkjunar, sem eftir það fer því með eignarhlutina. Með breytingunni sameinar ríkið eignir sínar á raforkumarkaði í eitt fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu og sölu raforku sem að mati Landsvirkjunar er til mikillar einföldunar og gefur möguleika á ýmis konar hagræðingu í rekstri allra fyrirtækjanna. Það er jafnframt mat Landsvirkjunar að viðbótareigendaframlag ríkisins til Landsvirkjunar með framangreindum hætti muni styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar umtalsvert, sem er þýðingarmikið fyrir bæði Landsvirkjun sem fyrirtæki og ríkið sem eiganda þess.

Svo sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hefur af hálfu Samkeppniseftirlitsins verið bent á að með fyrirkomulagi því sem frumvarpið gerir ráð fyrir þurfi að huga að markaðsráðandi stöðu Landsvirkjunar á markaðnum fyrir smásölu raforku til stórnótenda og á markaðnum fyrir framleiðslu og heildsölu á raforku. Fyrirkomulag á þessu sviði megi ekki hindra virka samkeppni á mörkuðum fyrir framleiðslu og smásölu raforku í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Í frumvarpinu eru því sett skilyrði sem miða að því að tryggja aðskilnað í framleiðslu og sölu raforku, en skilyrðin koma fram í 4.–7. mgr. 1. gr. og 4.–7. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Með tilvísun til ábendinga Samkeppniseftirlitsins gerir Landsvirkjun ekki athugasemdir við þau skilyrði sem fram koma í nefndum greinum frumvarpsins. Miklu skiptir þó að framangreind skilyrði komi til endurskoðunar fyrir árslok 2009 í ljósi þróunar samkeppnisaðstæðna, svo sem fram kemur í 2. og 4. gr. frumvarpsins.

Með tilvísun til ofangreinds er Landsvirkjun fylgjandi því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllt

Örn Marinósson
staðgengill forstjóra





Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn Norðurorku hf. um: Frumvarp til laga, um breytingar á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og á lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, með síðari breytingum.

Almennt um frumvarpið.

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.

Norðurorka hf. sendi inn umsögn í nóvember sl. um frumvarp til laga um breytingar á lögum á orkusviði. Sú umsögn gildir að mestu um þetta frumvarp og er þessi umsögn því að mestu byggð á fyrri umsögn.

Varðandi meðferð eignarhluta í þeim orkufyrirtækjum sem frumvarpið fjallar um telur Norðurorka hf. fyllilega eðlilegt að fjármálaráðherra fari með hlutina, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.


Norðurorka hf. telur, með tilliti til nýskipunar raforkumála, að eðlilegast væri að gefa öðrum starfandi dreifiveitum tækifæri til að kaupa dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Líklegt er að með þessu móti megi ná fram sparnaði og lækkun dreifikostnaðar og vitað er að áhugi dreifiveitnanna er fyrir hendi. Það er ekki hlutverk ríkisins að reka raforkudreifiveitu frekar en t.d. símadreifikerfi. Varðandi raforkusölu telur Norðurorka hf. eðlilegast að ríkið dragi sig alfarið út úr þeirri starfsemi og verði ekki eigandi hlutafélaga eða annarra fyrirtækja á því sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við 1. og 3. gr. Fyrir utan almennar athugasemdir um dreifiveitur ríkisins, hér að framan, er gerð sú athugasemd við þessar greinar að það að leggja fyrirtækin Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins inn til Landsvirkjunar verður að teljast óheppilegt þar sem aðskilnaður á að vera milli starfsemisþátta svo sem milli dreifingar og framleiðslu samkvæmt anda raforkulaga og má hér minna á ákvæði í II kafla raforkulaga nr. 65, 2003 7. gr. svohljóðandi “*Heimilt er vinnslufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu*”. Nær hefði verið að færa umrædd fyrirtæki undir Landsnet hf. sem stundar sérleyfisstarfsemi.

Verði fyrirtækin lögð inn í Landsvirkjun(eða Landsnet hf.) telur Norðurorka hf. að eðlilegast væri að þau yrðu jafnframt sameinuð og lytu einni stjórn.

Virðingarfyllst,
Akureyri, 5. mars 2007.
Fh. Norðurorku hf.


Franz Arnason forstjóri.

Sent í tölvupósti og jafnframt póstlagt.

Alþingi
Erindi nr. P 133/1508
komudagur 7.3.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafirði 6. mars 2007

Umsögn Orkubús Vestfjarða hf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 40/2001 um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og á lögum nr 25/2006 um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, með síðari breytingum, 570. mál.

Af hálfu Orkubús Vestfjarða eru hvorki gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins né frumvarpið í heild.

Það skiptir ekki meginmáli hvar eignarhald yfir Orkubúi Vestfjarða liggur heldur hitt að starfsemi Orkubúsins eflist og og störfum á Vestfjörðum fjölgi.

Orkubú Vestfjarða er tiltölulega lítið fyrirtæki í flóknum rekstri. Yfirbygging fyrirtækisins er lítil og fylgja ýmsir kostir því að tengjast Landsvirkjun og innviðum hennar sterkari böndum.

Þegar unnið var að því að breyta Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag undirrituðu þáverandi eigendur Orkubúsins, sveitarfélögin á Vestfjörðum og ríkissjóður samkomulag.

Samkomulagið er dagssett 7. febrúar 2001 og 8. grein þess hljóðar svo :

“Komi til sameiningar Orkubús Vestfjarða hf. við annað eða önnur orkufyrirtæki, eftir gildistöku nýrra raforkulaga, mun ríkisvaldið eftir því sem í þess valdi stendur beita sér fyrir því að hluti starfsemi hins sameinaða fyrirtækis fari fram á Vestfjörðum. Sameigendur eru sammála um að reynt verði eftir megni að efla starfsemi orkugeirans á Vestfjörðum og viðhalda þjónustu við dreifðar byggðir.”

Af hálfu Orkubús Vestfjarða er lögð áhersla á að við framanskráða 8. grein samkomulagsins verði staðið og í trausti þess að svo verði er talið til bóta að frumvarpið verði að lögum.

Fyrir hönd Orkubús Vestfjarða hf.

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri

Ríkisstjórn Íslands, Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Hólmavíkurhreppur, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Kirkjubólshreppur, Reykhólahreppur, Söðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð, hér eftir nefndir sameigendur, gera með sér svohljóðandi

SAMKOMULAG

1. gr.

Sameigendur eru sammála um að slíta sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða og stofna hlutafélag um rekstur fyrirtækisins, undir heitinu Orkubú Vestfjarða hf. Hlutafélagið tekur við núverandi rekstri, eignum, skuldum og öðrum skuldbindingum sameignarfélagsins.

Sameignarsamningur sameigenda, dags. 26. ágúst 1977, fellur úr gildi á stofndegi hlutafélagsins.

2. gr.

Nafnverð stofnhlutafjár skal nema 75% af bókfærðu eigin fé Orkubús Vestfjarða samkvæmt endurskoðuðum efnahagsreikningi 31. desember 2000, sem jafnframt skal gilda sem stofnefnahagsreikningur Orkubús Vestfjarða hf.

3. gr.

Sameigendur skulu eignast hlut í hinu nýja hlutafélagi í samræmi við hlutdeild sína í Orkubú Vestfjarða, svo sem hún var 1. desember 2000.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Orkubús Vestfjarða skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá sameignarfélaginu, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér.

5. gr.

Gengið verður frá samkomulagi við stjórn Lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins um uppgjör lífeyrisakuldbindinga og áframhaldandi aðild starfsmanna Orkubús Vestfjarða að lífeyrissjóðnum.

6. gr.

Lönaðarráðherra mun leggja fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Með undirritun sinni samþykkja sameigendur efnisákvæði frumvarpsins fyrir sitt leyti, en drög þess eru fylgiskjal með samkomulagi þessu.

7. gr.

Komi til kaupa ríkisins á eignarhlut sveitarfélaga á Vestfjörðum í Orkubú Vestfjarða hf., skal eftirfarandi gilda þar til breytt skipulag raforkumála tekur gildi, 1. júlí 2002, nema sameigendur samþykki annað:

- Orkubú Vestfjarða hf. starfar sem sjálfstæð eining og verður ekki sameinuð öðru orkufyrirtæki.

- Ef ákvörðun verður tekin um að aðlaga gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. að gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins skal það gert í áföngum.
- Stjórn Orkubús Vestfjarða hf. skal sem mest skipuð heimamönnum.
- Engum starfsmanni Orkubús Vestfjarða verður sagt upp störfum vegna breytingar á félagsformi fyrirtækisins og hugsanlegra kaupa ríkisins á eignarhluta sveitarfélaga

8. gr.

Komi til sameiningar Orkubús Vestfjarða hf. við annað eða önnur orkufyrirtæki, eftir gildistöku nýrra raforkulaga, mun ríkisvaldið eftir því sem í þess valdi stendur beita sér fyrir því að hluti starfsemi hins sameinaða fyrirtækis fari fram á Vestfjörðum.

Sameigendur eru sammála um að reynt verði eftir megni að efla starfsemi orkugeirans á Vestfjörðum og viðhalda þjónustu við dreifðar byggðir.

9. gr.

Ef samkomulag næst milli ríkissjóðs og sveitarfélaga á Vestfjörðum um kaupvirði Orkubús Vestfjarða hf. skal ríkissjóður bundinn við það fram til 1. júlí 2002.

10. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Þá er gerður fyrirvari um að Orkubú Vestfjarða hf. njóti sömu skattalegu stöðu og önnur raforkufyrirtæki.

11. gr.

Samkomulag þetta er gert í fimmtán eintökum og heldur ríkissjóður 2 eintökum en aðrir sameigendur í hver og Orkubú Vestfjarða 1.

Ísafirði, 7. febrúar 2001.


F.h. ríkisstjórnar Íslands




F.h. Ísafjarðarbæjar



F.h. Arneshrepps



F.h. Bolungarvíkurkaupstaðar



F.h. ríkisstjórnar Íslands



F.h. Ísafjarðarbæjar



F.h. Kaldananeshrepps



F.h. Kirkjubólshrepps



John J. ...
F.H. ...

Robert M. ...
F.H. ...

John ...
F.H. ...

John ...
F.H. ...

John ...
F.H. ...

John ...
F.H. ...

John ...
F.H. ...

Alþingi
Erindi nr. P 133/1542
komudagur 9.3.2007



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 06. mars 2007
Tilvísun: 2007030002
Bréfalykill: 50.11


Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, 570. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 27. febrúar 2007, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, 570. mál, eignarhlutur ríkisins til Landsvirkjunar.

Orkustofnun bendir á að það kunnir að vera á skjön við það markmið 1. tl. 1. gr. raforkulaga nr. 65/2003 að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku að eignarhald á dreifiveitum færist til stærsta raforkuframleiðanda landsins. Stofnunin vekur í þessu sambandi einnig athygli á að í hinum nýja "orkupakka" Evrópusambandsins (e. Energy package), sem kynntur var í janúar s.l. er lögð mikil áhersla á að skilja að raforkuvinnslu og dreifingu raforku.

Að öðru leyti tekur stofnunin ekki afstöðu til málsins.

Virðingarfyllst


Elín Smáradóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1502
komudagur 7.3.2007



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

TILVITNUN YÐAR

BRÉF YÐAR

TILVITNUN VOR

DAGSETNING

TÞH/hþ

05.03.2007

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, 570 mál, eignahlutur til Landsvirkjunar.

RARIK ohf. vísar til meðfylgjandi viðhorfs stjórnar RARIK hf. til lagafrumvarps um breytingar á lögum á orkusviði sem stjórnarformaður lagði fyrir iðnaðarnefnd þann 28. nóvember sl. vegna sambærilegs frumvarps.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Tryggvi Þ. Haraldsson'.

Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri

RA-20633



1947 • 2007

RARIK ohf • Rauðarárstíg 10 • 105 Reykjavík • Sími 528 9000 • rarik@rarik.is • www.rarik.is

Viðhorf stjórnar RARIK hf. til lagafrumvarps um breytingar á lögum á orkusviði.

Í lögum nr. 65 frá 2003 raforkulögum segir m.a. um markmið í 1. grein:

“Markmið laga þessara er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal:

- 1. Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.*
- 2. Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.*
- 3. Tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda.”*

Í inngangi greinargerðar með frumvarpi að umræddum lögum segir m.a.:

“Frumvarp þetta byggist á nýjum viðhorfum í raforkumálum sem hafa verið að ryðja sér til rúms víða um heim á undanförunum árum. Meginefni þeirra felst í því að skilja í sundur náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins (flutning og dreifingu) og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið (vinnslu og sölu). Þannig hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa. ...

Hefðbundin viðhorf til raforkumála hafa því verið að breytast. Hér áður fyrr var það viðtekin skoðun að hið opinbera hefði óhjákvæmilega lykilhlutverki að gegna á öllum sviðum þeirra vegna þess að markaðslausrir ættu þar ekki við, meðal annars vegna einkaréttar í starfsemi af þessu tagi. Á síðustu árum hafa hins vegar verið þróaðar aðferðir þar sem markaðsöflum hefur verið beitt á þessu sviði, einkum í vinnslu og sölu raforku. Þessar aðferðir hafa í aðalatriðum reynst vel og er nú almennt talið að meiri árangur náist að jafnaði í vinnslu og sölu þar sem samkeppni ríkir en þar sem hefðbundinn einkaréttur er allsráðandi.”

Í samræmi við þetta var stofnað fyrirtækið Landsnet hf. til að aðskilja flutning raforkunnar frá annarri starfsemi eigendanna, en það eru LV, RARIK og OV, auk þess sem fyrirtækið leigir flutningsmannvirki OR og HS.

Á sama hátt hefur farið fram umbylting innan RARIK, þar sem sérleyfis- og samkeppnissvið hafa verið aðskilin bæði stjórnunar- og bókhaldslega og hlutverki stoðsviða hefur verið breytt og afmarkað. Þá eru uppi áform um að setja samkeppnisþætti RARIK og OV í sjálfstætt félag, Orkusöluna ehf., nú um áramótin til að ná enn skýrari aðgreiningu.

Stjórn RARIK hefur skilning á að eigandi orkufyrirtækjanna þriggja, OV, LV og RARIK, vilji sameina eignarhluti sína í orkufyrirtækjum sem mest í einu félagi. Á árinu 2005 fóru þessi fyrirtækin í sameiginlega undirbúningsvinnu að frumkvæði iðnaðarráðaneytis til að skoða hvernig samtengingu félaganna væri best fyrir komið. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að talið var æskilegast að stofna eignarhaldsfélag í eigu ríkisins sem yrði móðurfélag umræddra félaga auk Landsnetsins og nýs félags um orkusölu. Gert var ráð fyrir að

einkaleyfisfyrirtækjunum yrði haldið sér þannig að skýr skil væru á milli reksturs þeirra og reksturs fyrirtækja samstæðunnar á samkeppnissviði.

Að mati stjórnar er þetta æskilegri og betri leið en sú sem nú er valin í lagafrumvarpinu. Slíkt fyrirkomulag tryggir betur nauðsynlegt sjálfstæði og hlutleysi einkaleyfisfyrirtækjanna heldur en sú leið sem valin er í lagafrumvarpinu þar sem gert er ráð fyrir að markaðsráðandi framleiðandi sé beinn eigandi að Landsnetinu og tveimur víðfeðmustu rafmagnsdreifikerfum landsins. Í þessu samhengi er t.d. rétt að hafa í huga að minni sjálfstæðir raforkuframleiðendur sem eru m.a. í samkeppni við LV, þurfa oft á tíðum að semja um tengingu sinna framleiðslueininga við RARIK til að koma raforkunni á markað. Hafa dreifikerfi RARIK og reyndar OV sérstöðu að þessu leyti m.v. aðrar dreifiveitur á landinu.

Til að tryggja sjálfstæði Landsnetsins eru m.a. sett inn ákvæði um stjórn Landsnetsins bæði í raforkulög og lög um stofnum Landsnetsins. Í 8 gr. raforkulaga segir meðal annars:

“Stjórn flutningsfyrirtækisins skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku”

Ef farin verður sú leið sem lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir, telur stjórn RARIK að á sama hátt og hjá Landsnetinu þurfi að tryggja sjálfstæði stjórnar RARIK til þess að tryggja að RARIK geti rækt skyldur sínar og haldið trúverðuleika gagnvart viðskiptavinum sínum.

Alþingi
Erindi nr. P 133/1451
komudagur 5.3.2007



Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 5. mars 2007

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og á lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, með síðari breytingum, 570. mál.

Samtök iðnaðarins hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Samtökin telja að tillaga um að Rafmagnsveitur ríkisins (Rarik) og Orkubú Vestfjarða (OV) verði að fullu í eigu Landsvirkjunar (LV) gangi þvert á fyrirætlanir stjórnvalda um að auka samkeppni á raforkumarkaði.

Árið 2003 voru ný raforkulög samþykkt á Alþingi. Megininntak laganna er aðskilnaður framleiðslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku. Markmið laganna er m.a. að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku.

Markaðsvæðing á raforkumarkaði var innleidd í áföngum í ársbyrjun 2005 og 2006. Nokkur reynsla er nú komin á hið nýja fyrirkomulag. Samtök iðnaðarins telja að samkeppni sé lítt virk og snúi nær eingöngu að söluhluta orkunnar sem er afar lítill hluti af heildarverði orku. Varðandi framleiðsluþátt raforkumarkaðar er Landsvirkjun nú markaðsráðandi sem eini heildsalinn á raforku en allir aðrir, sem framleiða orku, nota hana að mestu sjálfir. Landsvirkjun er eina fyrirtækið sem hefur gefið út gjaldskrá og getur ekki mismunað viðskiptavinum sínum vegna markaðsráðandi stöðu. Því má segja að orkuhluti verðsins sé fastur. Lítil hvati er til að laða til sín viðskiptavinum og þetta hamlar vexti sölu fyrirtækja og nýir seijendur eiga eritt með að komast að. Gömlu dreifiveiturnar eiga sölumarkaðinn enn sem komið er og samkeppni er nær engin.

Frumvarp þetta er um margt svipað frumvarpi sem lagt var fram á fyrra ári og SI skilaði umsögn um dagsetta 29. nóvember 2006. Samkvæmt greinargerð með fyrra frumvarpi þessa efnis, sjá 365. mál, var ætlunin að gera Rarik og OV að dótturfélögum Landsvirkjunar. Greint er frá því að fyrirtækin stofnuðu árið 2006 fyrirtækið Orkusöluna ehf. til að annast raforkusmásölu og „.....var stofnun þess fyrsti vísirinn að framtíðarsamstarfi,“ eins og segir í greinargerð. Markmið þess frumvarps var augljóslega að láta fyrirtækin auka samstarf sitt. Í fyrirbyggjandi frumvarpi er reynt að tryggja rekstrarlegan aðskilnað LV annars vegar og Rarik og OV hins vegar. Að mati umsagnaraðila eru rökin fyrir sameiningu þá fallin og skortir betri rökstuðning fyrir lagasetningunni. Fyrri gagnrýni umsagnaraðila stendur enn. Allt tal um sameiningu þessara félaga gengur þvert á fyrirætlanir stjórnvalda um að auka samkeppni á raforkumarkaði.

Þó að hér sé gert ráð fyrir rekstrarlegum aðskilnaði verða sterk eignatengsl milli félaganna þar sem gert er ráð fyrir að Rarik og OV verði í eigu Landsvirkjunar. Slíkt mun ávallt skapa tortryggni og minnka trúverðugleika þess að fyrirtækin starfi og keppi í raun og veru á samkeppnisgrundvelli. Nú þegar hafa myndast tengsl gegnum Orkusöluna ehf. og að auki verða flókin hagsmunatengsl vegna virkjanaréttinda sem eru enn ónýtt. Fyrirhuguð eignatengsl minna um margt á tengsl LV annars vegar og Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og orkufyrirtækja í þeirra eigu hins vegar, en losað var um þau eignar- og hagsmunatengsl á síðasta ári þegar sveitarfélögin seldu hlut sinn í Landsvirkjun.

Til að auka samkeppni á þessum markaði þarf að gera skipulagsbreytingar sem skapa meira jafnræði milli framleiðenda. Umrædd breyting gengur í þveröfuga átt. Samtökin eru því andvíg tillögum um frekari sameiningu þessara þriggja orkufyrirtækja.



Bryndís Skúladóttir
Samtök iðnaðarins

21.02.2007
SJ/sj

Alþingi
Erindi nr. **P** 133/1188
komudagur 23.2.2007

Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10 2. hæð

150 REYKJAVÍK

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á eignarhaldi RARIK ohf og Orkubúi Vestfjarða ohf, mál nr. 570.

Starfsmannaráð RARIK ohf fundaði 15. febrúar 2007 um lagafrumvarp um að leggja eignarhlut ríkisins í RARIK ohf og Orkubúi Vestfjarða ohf inn í Landsvirkjun. Ráðið hafði áður fundað um frumvarp sama efnis sem lagt var fyrir s.l. haust og sent iðnaðarráðherra og iðnaðarnefnd bréf vegna þessa máls (Dbnr. 247).

Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram:

"Með breytingunni má ná fram ýmiss konar hagræðingu í rekstri fyrirtækjanna tveggja "

Með "fyrirtækjanna tveggja" er átt við RARIK og OV. Starfsmenn RARIK eru mjög ósáttir við að hagræðing innan Landsvirkjunar er ekki nefnd í þessu sambandi þó vitað sé að þar séu jafnvel meiri hagræðingarmöguleikar en hjá RARIK og OV. Þar vísað til vinnu sem starfsmenn fyrirtækjanna hafa unnið að varðandi samstarf og samruna þeirra nýverið. Á að fela starfsmönnum Landsvirkjunar verkefni sem starfsmenn RARIK og OV leysa í dag?

Starfsmenn RARIK óttast ekki hagræðingu enda hefur fyrirtækið hagrætt mikið í rekstri sínum á síðustu árum og áratugum. Það er hins vegar grundvallaratriði að sú hagræðing sem Landsvirkjun þarf að gera á sinni starfssemi bitni ekki á RARIK eða OV eins og kom fram í fyrra bréfi ráðsins og ofangreind tilvitnun í athugasemdir við nýja frumvarpið staðfestir.

Starfsmannaráð RARIK telur að það verði að gefa hinu hálfis árs gamla hlutafélagi tækifæri til að sinna skyldum sínum. Ráðið telur að því verði best borgið með því að fyrirtækið taki sér strax stöðu sem sjálfstætt fyrirtæki innan fyrirtækjasamsteypu við hlið Orkubúsins og Landsvirkjunar eins og unnið hefur verið að af hálfu fyrirtækjanna.

Starfsmannaráð telur að ekki sé tryggt að hagræðing sem gerð verður innan samstæðunnar verði á jafnræðisgrunni nema RARIK og OV hafi sjálfstæða stjórn eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu að gilda eigi um sölufélagið. Sjálfstæð stjórn tryggir einnig betur aðskilnað samkeppnis- og einkaleyfisþátta en alls staðar þar sem raforkumarkaði hefur verið skipt upp er verið að vinna að því að auka þennan aðskilnað. Af hverju er verið að fara í öfuga átt á Íslandi?

F. h. Starfsmannaráðs RARIK ohf.

Steingrímur Jónsson
Formaður

Samhljóða bréf sent Fjármálaráðherra
Árna M. Mathiesen

RA-20316